

Góðar ástæður til að vera hjólavænlegur vinnustaður



Hraustara starfsfólk

Regluleg hreyfing minnkar líkur á hjartasjúkdómum og sykursýki, styrkir ónæmiskerfið og fækkar veikindadögum.


Betri einbeiting

Starfsfólk sem hjólar til vinnu er hressara og á auðveldara með að einbeita sér.



Minna stress

Það er streituvaldandi að sitja föst í umferðarteppu eða leita að bílastæði á hverjum morgni og gott að geta verið laus við það.



Gott fyrir umhverfið og budduna

Meðalvegalengd á bíl til vinnu er um 5km. Það tekur u.þ.b. 15 mínútur að hjóla 5km. Það sparast 0,7CO₂kg og 133kr af bensíni í hverri ferð sem farin er á hjóli.*



*Skv. bensínverði 08/22 og útreikningi Orkuseturs á Co₂ sparnaði á jepplingi